



Drög

Samstarfssamningur Ísafjarðarbæjar og Framkvæmdasjóðs Skrúðs

1. grein.

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 (Ísb) og Framkvæmdasjóður Skrúð(FS), kt. 500698-2179, hafa ákveðið að endurnýja samstarfssamning sem upphaflega var gerður árið 2002, um varðveislu og rekstur garðsins Skrúðs í Dýrafirði, eign Ísafjarðarbæjar.

2. grein.

Tilgangur samstarfsins er að stuðla að varðveislu Skrúðs sem er elsti skrúð- matjurta- og kennslugarður landsins og hornstein í garðyrkjusögunni. Jafnframt að tryggja eðlilegt viðhald og rekstur hans almenningi til fróðleiks.

3. grein.

FS hóf endurreisnarstarf Skrúðs árið 1992, að eigin frumkvæði og hefur á að skipa öflugum tengslaneti sérfræðinga í graðyrkju og skipulagi, auk þess sem innan hópsins eru meðal fremstu sérfræðingar í landinu í garðyrkju og umhirðu trjágróðurs. Ísb hefur því aðgengi í gegnum FS að öflugri ráðgjöf að öllu er lítur að ræktun garðsins.

4. grein.

Vinna skal að venjulegu viðhaldi garðsins í samræmi við starfslýsingu sem Ísb ákveður í samráði við FS á hverjum tíma.

5. grein.

Aðilar eru sammála um að ákvarðanir um meiri háttar viðhaldsverkefni, er tengjast garðinum, séu ræddar á samráðsfundi. Einnig skal taka

ákvörðun um allar breytingar í garðinum og næsta nágrenni á sameiginlegan hátt til þess að fagleg sjónarmið ráði. Slíkar ákvarðanir kalla á vandaða umræðu, þar sem ávallt er rétt að hafa í huga megintilgang með varðveislu garðsins.

6. grein.

FS vinnur að verndaráætlun í umboði Ísb og eiganda Skrúðs í samstarfi við Minjastofnun Íslands en stefnt er að því að friðlýsa elsta hluta garðsins. Þekking einstaklinga í FS á ræktunarsögu, umhirðu og rekstri garðsins kemur þar að góðum notum. Minjastofnun Íslands mun greiða þann útlagða kostnað og mun sú vinna einnig nýtast við hefðbundið viðhald, umhirðu og rekstur garðsins.

7. grein.

Haldinn skal samráðsfundur samningsaðila, Ísb og FS a.m.k. einu sinni á ári, þar sem m.a. er fjallað um viðhaldsverkefni, framtíðaráform og markaðar áherslur í sambandi við kynningu og fræðslu.

8. grein.

Samstarfsaðilar vinni að því sameiginlega að stofnað verði „Setur ræktunar“ – í anda stofnandans, sem var framsýnn og menningarlega þenkjandi. Setur sem fjármagnað verði af ríkisfjárlögum. Hús stofnandans Hlíð, þar sem Sigtryggur og kona hans Hjaltlína bjuggu, er nú í eigu FS. Samkvæmt skilgreiningu menningarverðlauna Scarpa sjóðsins árið 2013 ber að líta á þessi tvö mannvirki sem eina heild, samofna hugsjónum, um ræktun lands og lýðs.

9. grein.

FS mun eftir því sem kostur gefst, vinna að fjáröflun og fjármögnun skilgreindra verkefna. Vinna að styrkumsóknum og með öllum tiltækum ráðum aðstoða við framtíðarrekstur garðsins

10. grein.

Samning þennan má endurskoða af beggja hálfu með 1 árs fyrirvara.

11. grein.

Gildistími samnings er þrjú ár frá undirritun með framlengingarákvæðum
2 x 1 ár.

Ísafirði2021

Undirskrift fulltrúa:

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri
form.

Brynjólfur Jónsson,

Ísafjarðarbær
Skrúðs

Framkvæmdasjóður